

Nd.

499. Nefndarálit

[63. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. getur ekki staðið að afgreiðslu þessa frumvarps á þann hátt sem meiri hl. leggur til. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

Með tilliti til fyrri reynslu og allra aðstæðna eru litlar líkur til að þessi áætlun um fjármagnspörf og lántökur standist. Mikil óvissa er um þróun efnahagsmála á næstu mánuðum, en horfur eru allar heldur á verri veg. Gert er ráð fyrir samdrætti í sjávaraflla og framleiðslu sjávarafurða. Afkoma útflutningsfyrirtækja hefur farið versnandi og spáð er tvöfalt meiri viðskiptahalla við útlönd á þessu ári en hinu síðasta. Gengismálin eru í uppnámi, verðlagshorfur eru óljósar og óraunhæft er að reikna með aðeins 10% verðbólgu frá upphafi til loka árs þar sem verðbólgan er nú um 30% og engin teikn á lofti um að hún fari lækkandi á næstunni. Samningar um kaup og kjör eru fram undan þar sem óhjákvæmilegt verður að rétta verulega hlut hinna tekjulægstu, en auknar álögur á almenning, m.a. í formi matarskatts, auka stórlega á þungann í réttmætri kröfugerð alls launafólks.

Með frumvarpinu er stefnt að því að afla lánsfjár að stærri hluta innan lands en verið hefur. Það var raunar einnig ætlunin á síðasta ári, en þá fóru erlendar lántökur rúmlega 50% fram úr því sem áætlað var og ekkert bendir til þess að nú sé traustlegar um hnútana búið.

Flestir eru þó sammála um að draga beri úr erlendum lántökum svo sem frekast er unnt, en innlendar lántökur hafa einnig sína skuggahlið sem er sú að of mikil samkeppni á innanlandsmarkaði leiðir óhjákvæmilega til hækkunar vaxta. Þeirri skoðun samsinnu allir aðspurðir gestir nefndarinnar, en hvorki ráðherrar né seðlabankastjórar virðast hafa áhyggjur af vaxtahækkunum né eiga ráð til að hamla gegn þeim.

Sívaðandi hluti íslenska peningamarkaðarins er óháður reglum og eftirliti og engar vísbendingar eru um það hvort og þá hvernig stjórnvöld hyggjast setja starfsemi ávöxtunarsjóða og fjármögnunarleigna skorður á borð við banka- og sparissjóðakerfið. Á sama tíma stefnir ríkissjóður að hörkusamkeppni við þessa aðila um sparifé landsmanna.

Sú mynd, sem þannig blasir við, gefur sannarlega tilefni til víðtækra breytinga á frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988. Það er þó ekki ætlun meiri hl. og verður hann þá að bera ábyrgð á því.

Minni hl. flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 500. Sá útgjaldaauki, sem þær þýða fyrir ríkissjóð, rúmast að okkar mati fyllilega innan ramma fjárlaga eins og skýrt verður í framsögu. Tekið skal fram að þetta eru ekki einu atriðin sem minni hl. vildi leiðrétta en samstaða varð um að leggja áherslu á þessa þrjá liði.

Ingi Björn Albertsson hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu álit og breytingartillögum minni hl.

Alþingi, 12. jan 1988.

Kristín Halldórsdóttir,
frsm.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar,
frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Framlög til sjóða 1988. (8. janúar 1988.)

	Horfur 1987	Lögbundið framlag 1988	Fjárlaga- frumvarp 1988	Fjárlög 1988
Atvinnuleysistryggingasjóður	465	600	500	500
Bjargráðasjóður	5	39 ¹⁾	—	—
Byggingarsjóður ríkisins	1000	0	1150	1150
Byggingarsjóður verkamanna	300	0	600	600
Ferðamál skv. lögum	15	80	28	28
Félagsheimilassjóður	12	48	— ²⁾	— ²⁾
Fiskveiðisjóður	0	0	0	0
Framkvæmdasjóður aldraðra	140	—	160	160
Framkvæmdasjóður fatlaðra	130	201 ³⁾	180	180
Framkvæmdasjóður RÚV	0	130—150 ⁴⁾	0	0
Hafnabótasjóður	15	60	20	20
Iðnlánasjóður	25	65—70	0	25
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	984	1655	1485	1533
Kvikmyndasjóður	55	74	40	60
Menningarsjóður	8	9	9	9
Stofnlánadeild landbúnaðarins	22	32	35	35
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	0	0	0	0

1) Tillaga ráðuneytis.

2) Framlag fellt niður og tengist tilflutningi verkefna til sveitarfélaga.

3) Lagatúlkun hvort lögbundið framlag skuli vera 216 m.kr. eða 286 m.kr. Erfðafjárskattur er áætlaður um 85 m.kr. og 35. gr. laga nr. 41/1983 felur í sér 131 m.kr. eða 201 m.kr. háð því hvenær verðtrygging tekur gildi.

4) Mikil óvissa um þennan lið en skv. grófri áætlun metinn á 130—150 m.kr.